

LÖG

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánnum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlán-um húsbýggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 51 28. apríl 1983,
um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Á árinu 1984 skal þó í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla, sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, en af